

Mál nr. 112/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V):

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Sönnun tjónsatviks.

Gögn.

- Málskot móttekið 11. apríl 2024 ásamt fylgiskjöllum.
- Bréf V dags. 29. apríl 2024.
- Viðbótarathugasemdir M dags. 9. maí 2024.
- Viðbótarathugasemdir V dags. 10. maí 2024.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti varð bifreiðin B, sem er í eigu M, fyrir grjótkasti frá bifreiðinni A á þjóðvegi 1 hinn 19. febrúar 2024. Hafi atvikið valdið lakkskemmdum á vélarhlíf B og því að sprunga myndaðist á framrúðu hennar. V hafi, hinn 5. mars 2024, hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A þar sem ökumaður hennar hafni því að gangast við tjóninu og ósannað sé að tjón á B verði rakið til notkunar A. Kröfu sinni til stuðnings vísar M til myndbands af atvikinu þar sem sjá megi steinkast koma frá A sem hafi verið ekið á undan B. Séu því yfirgnæfandi líkur þess að grjótkastið sem olli tjóni á B hafi stafað frá A.

Í bréfi og viðbótarathugasemdam V, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, er vísað til þess að sönnunarbyrðin fyrir því að tjón hafi orðið á B og að það tjón verði rakið til notkunar A, hvíli á M. Í fyrirliggjandi myndbandi megi sjá að þrjár bifreiðar hafi ekið fyrir framan B. Af myndbandinu sé ekki ljóst hver þessara bifreiða hafi valdið því að steinar köstuðust upp af veginum, né hvort steinarnir hafi lent á B eða farið yfir hana. Ökumaður A hafni því þá að notkun A hafi valdið umræddu tjóni. Sé því ósannað að tjón á B verði rakið til notkunar A.

Í viðbótarathugasemdam M er bent á að afar ólíklegt sé að grjótkastið hafi getað komið frá annarri bifreið en A. A hafi verið ekið það nálægt bifreiðinni á undan að hefði grjót hrokkið frá þeirri bifreið hefði það hafnað á A en ekki B. Þá megi sjá af myndbandinu að grjót lenti á bifreið B.

Álit.

Hvað varðar hugsanlega bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A hjá V þá lýtur ágreiningur aðila að því hvort sýnt sé að tjón á B megi rekja til notkunar A en sönnunarbyrði þess hvílir á M. Af fyrirliggjandi myndbandi má sjá að þremur bifreiðum var ekið fyrir framan B og að afar stutt bil virðist hafa verið milli A og bifreiðarinnar fyrir framan hana, auk þess sem sú síðarnefnda virðist af myndbandinu að dæma hafa farið að einhverju leyti yfir miðlínu akbrautarinnar. Á myndskeiðinu má einnig sjá steina fljúga í átt að B en ekki er hægt að greina af myndskeiðinu hvaðan þeir koma og virðist ekki útilokað að þeir stafi frá bifreiðinni framan við A. Verður því ekki fullyrt að umrætt grjótkast hafi stafað frá A. Þegar litið er til gagna málsins, þ.á m. er varðar aðstæður á vettvangi, er það mat nefndarinnar að ekki hafi verið nægilega sýnt fram á að tjón á B megi rekja til notkunar A. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 23. maí 2024.

rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir